

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

1. fundur.

Fyrsti fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í skólanum fimmtudaginn 2. september 1976 og hófst hann klukkan 20⁰⁰.

Í nefndinni eiga sæti; Gunnar Sveinsson fyrir Keflavík, Ingvar Jóhannsson fyrir Njarðvík, Jón Hólmgeirsson fyrir Grindavík, Guðjón Kristjánsson fyrir Miðneshrepp, Guðún Sigurðardóttir fyrir Gerðahrepp, Hreinn Ásgrímsson fyrir Vatnsleysustrandarhrepp og Eggert Ólafsson fyrir Hafnahrepp.

Mættir voru allir fulltrúarnir aðrir en Eggert Ólafsson.

Í fundarbyrjun var Gunnar valinn formaður nefndarinnar og Hreinn sem ritari.

Undinn sátu auk nefndarmanna, þeir Jón Böðvarsson skólameistari, Ingólfur Halldórsson yfirkennari og Gizur I. Helgason satfundinn á meðan fyrsta mál fundarins var rætt.

1. Gizur Helgason kennari lagði fram tillögu að dagskrá skólasetninga sem fram fer í Félagsheimilinu Stapa þann 11. sept. n.k.

Var tillagan rædd og samþykkt með smávægilegum breytingum. Verður dagskráin birt í næstu fundargerð.

Því næst var gerð samþykkt um hverjum skyldi bjóða sérstaklega til skólasetningarinnar. Samtals verða boðsgestir um 100.

Þá gerði Gizur grein fyrir skipulagi og undirbúningi öllum fyrir skólasetninguna og virtust menn ánægðir með tillögur hans.

2. Skólameistari upplýsti að skólahúsgögn og skólatöflur væru komin. Húsnæðið ætti að verða tilbúið á tilsettum tíma, ef ekkert óvænt tefði framkvæmdir, en nú væri fyrst og fremst eftir að ganga endanlega frá dyrabúnaði innan húss.

Þá taldi skólameistari afar brýnt að ganga formlega og sem fyrst frá leigusamningi milli Fjölbrautaskólans og Gagnfræðaskólans.

Einnig þyrfti að koma fjármálahaldi skólans sem allra fyrst á hreinan grundvöll.

- a) að Sigrún R. Þorsteinsdóttir gegni hálfri kennarastöðu við skólann í stað heillar, dóttir þess Sigríðs Þorsteins þess 1. í 1948
- b) að Gunnar Bergmann verði ráðinn í hálfa stöðu,
- c) að Gísli Sigurkarlsson verði ráðinn í hálfa stöðu,
- d) að Sigmundur Böðvarsson verði ráðinn í hálfa stöðu,
- e) að Sigurður Erlendsson verði ráðinn í heila stöðu, sem verknámsk.

b) að Gunnar Bergmann verði ráðinn í hálfa stöðu,

c) að Gísli Sigurkarlsson verði ráðinn í hálfa stöðu,

d) að Sigmundur Böðvarsson verði ráðinn í hálfa stöðu,

e) að Sigurður Erlendsson verði ráðinn í heila stöðu, sem verknámsk.

Þá var samþykkt að eftirtaldir aðilar verði ráðnir sem stunda-
kennarar að skólanum, með mismunandi kennslustundafjölda:

Jóhanna Stefánsdóttir, Magnús Ingvarsson, Pétur Gautur Kristjánsson
og Sigríður Bíldal.

4. Ingólfur sagði húsnæðismál fyrir verknaðskenninguna ennþá vera í deigluinni, því að í athugun væru tveir möguleikar, sem ekki væri ennþá fyllilega búið að gera upp á milli. Var samþykkt að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar.

5. Fleira var ekki á dagskrá. Boðaði formaður til næsta fundar þriðjudaginn 7. september á sama stað klukkan 17³⁰.

Var fundi slitið um klukkan 22³⁰.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson (sign)